

Ár 2007, föstudaginn 2. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Veiðimálastofnunar**

#### **I.**

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör ná.

Kjararáð úrskurðaði hinn 23. janúar 2007 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör forstjóra Veiðimálastofnunar.

#### **II.**

Í tilefni af fyrirhugaðri ákvörðun kjararáðs um laun forstjóra Veiðimálastofnunar var landbúnaðaráðuneyti og fjármálaráðuneyti, með bréfum dagsettum 26. janúar 2007, gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið. Forstjórinn hafði lýst afstöðu sinni með bréfi dagsettu 29. nóvember 2006. Í bréfi dagsettu 30. janúar 2007 vísaði landbúnaðarráðuneytið til fyrra bréfs ráðuneytisins til kjararáðs dagsetts 5. janúar 2007. Í því sagði að með nýjum lögum um Veiðimálastofnun nr. 59/2006 væri hlutverk stofnunarinnar skilgreint með ítarlegri hætti en áður var og því væri lögbundið hlutverk stofnunarinnar víðtækara en áður. Mætti því út frá sjónarmiði um auknar starfsskyldur færa rök fyrir því að laun forstjóra skyldu hækka. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 7. febrúar 2007. Í bréfinu kom ekki fram afstaða til málsins.

Eins og áður segir lýsti forstjórinn afstöðu sinni í bréfi dagsettu 29. nóvember 2006. Þar sagði hann að hinn 1. júlí 2006 hefðu ný lög um Veiðimálastofnun tekið gildi. Að auki hefðu tekið gildi ný lög um lax- og silungsveiði, ný lög um fiskrækt, ný lög um eldi vatnafiska og ný lög um varnir gegn fisksjúkdómum. Hefðu öll þessi lög leyst af hólmi eldri lög um lax- og silungsveiði en þau hefðu náð yfir allt það svið sem fyrrnefnd lög tækju til. Þá sagði hann að nýju lögin væru skýrari og væri Veiðimálastofnun nú ætlað víðtækara rannsóknar- og ráðgjafarhlutverk. Stofnunin komi að öllum veigameiri leyfisveitingum með því að gefa umsagnir. Mætti þar nefna nýtingaráætlanir veiðifélaga, fiskræktaráætlanir, leyfisveitingar í fiskeldi og stefnumótun í vörnum gegn fisksjúkdómum. Breytingarnar þýði einnig að stofnunin tilnefni fólk í mikilvægar nefndir sem starfi á þessu sviði. Þá hafi stjórnskipulagi stofnunarinnar verið breytt á þá lund að stjórn sé ekki lengur yfir stofnuninni og því sé meiri ábyrgð sett á forstöðumann hennar og starfsheiti hans breytist úr framkvæmdastjóra í forstjóra.

#### **III.**

Lög um Veiðimálastofnun nr. 59/2006 tóku gildi þann 1. júlí 2006. Á sama tíma tóku gildi lög um eldi vatnafiska nr. 57/2006, lög um fiskrækt nr. 58/2006, lög um varnir gegn fisksjúkdómum nr. 60/2006 og lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Samkvæmt 1. gr. laga um Veiðimálastofnun skal stofnunin vera rannsóknastofnun á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra og heyrir hún undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að hlutverk stofnunarinnar hafi verið betur skilgreint og fært nær því sem það í raun hafi verið síðustu ár. Einnig kemur fram að skyldur stofnunarinnar við rannsóknir og miðlun rannsóknaniðurstæðna hafi verið afmarkaðar nánar. Í 4. gr. laganna er hlutverk stofnunarinnar skilgreint í 12 liðum. Segir þar meðal annars að hlutverk hennar sé að afla með frumrannsóknnum allhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríkis þess og miðla upplýsingum þar um. Einnig er

þar fjallað um ráðgjafarhlutverk stofnunarinnar og hlutverk við að veita lögboðnar umsagnir. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn og skal hann hafa háskólamenntun og þekkingu á fræðasviði hennar. Forstjóri hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk og ákveður starfssvið þess. Hann hefur sér til ráðuneytis ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal forstjórinn sitja fundi með nefndinni. Forstjóri ákveður skipurit stofnunarinnar. Veidimálastofnun er heimilt að starfsrækja starfsstöðvar á landsbyggðinni og einnig að starfrækja rannsóknastöð í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Eins og fram hefur komið tóku lög um Veidimálastofnun nr. 59/2006 gildi 1. júlí 2006. Fyrir þann tíma var fjallað um stofnunina í XIII. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 með síðari breytingum. Áður var það framkvæmdastjóri sem veitti stofnuninni forstöðu en með nýjum lögum er það forstjóri sem stýrir henni. Þá hefur stjórn stofnunarinnar verið lögð niður. Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað um laun forstjóra Veidimálastofnunar. Við ákvörðun launa hans hefur meðal annars verið höfð hliðsjón af launum fyrrum framkvæmdastjóra stofnunarinnar að teknu tilliti til þess að lögbundið hlutverk stofnunarinnar er nú víðtækara en áður var. Jafnframt var höfð hliðsjón af launakjörum forstöðumanna hliðstæðra stofnana, bæði stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið og önnur ráðuneyti.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjóra Veidimálastofnunar skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2006 skulu mánaðarlaun forstjóra Veidimálastofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 129, nú 527.764 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjaranefndar frá 18. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Rannveig Sigurðardóttir